

FUNDARGERÐ

2. eigendafundur SORPU bs. var haldinn mánudaginn 2. september 2013 kl. 09:00 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9. Kópavogi.

Mæting:

Fulltrúar eigenda:

Dagur B. Eggertsson, Reykjavíkurborg (skv. umboði)
Haraldur Sverrisson, Mosfellsbæ
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Hafnarfirði
Ármann Kr. Ólafsson, Kópavogi
Ásgerður Halldórsdóttir, Seltjarnarnesi.

Frá SORPU bs:

Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU bs.
Margrét Gauja Magnúsdóttir, Hafnarfirði, stjórnarformaður SORPU bs.
Oddný Sturludóttir, Reykjavík
Hafsteinn Pálsson, Mosfellsbæ
Bjarni Torfi Álfþórsson, Seltjarnarnesi
Páll Hilmarsson, Garðabæ
Ómar Stefánsson, Kópavogi

Ennfremur sátu fundinn Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Dagur B. Eggertsson stjórnaði fundi í fjarveru Gunnars Einarssonar, stjórnarformanns SSH og fulltrúa Garðabæjar.

Tilfni fundarins var yfirferð vegna fjárhagsáætlunar SORPU bs. fyrir árið 2014, sbr. grein 5.2.5 í eigendastefnu byggðasamlagsins.

Þetta gerðist:

DBE bauð fundarmenn velkomna, lagði fram umboð sitt til setu á fundinum í fjarveru borgarstjórans í Reykjavík, og lýsti fundinn löglegan þar sem boðað hafði verið til hans í samræmi við ákvæði í eigendastefnu SORPU bs.

Síðan var gengið til dagskrár:

1. mál. Fjárhagsáætlun SORPU bs. 2014 – meginforsendur.

Fyrir lá tillaga eigendavettvangs að meginforsendum vegna fjárhagsáætlunar SORPU bs. Jafnframt lá fyrir forsendublað framkvæmdastjóra SORPU bs. sem lagt hafði verið fyrir stjórn byggðasamlagsins.

Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar fór yfir tillögu eigendavettvangs:

1. Ytri forsendur:

Í þjóðhagsspá er vísitala neysluverðs birt sem breyting á milli ára, en vegna áætlunar um þróun lána og fjármagnskostnaðar er nauðsynlegt að vinna með breytingu á vísitölu neysluverðs innan árs, sem er að finna í eftirfarandi töflu ásamt breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára og breytingu á gengisvísitölu:

Helstu forsendur í %	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Vísitala neysluverðs (milli ára)	5,2	3,5	3,0	2,5	2,5	2,5	2,5
Vísitala neysluverðs (innan ársins)	4,2	2,6	5,0				
Gengisvísitala	2,4	-0,6	0,6	0,2	0,0	0,0	0,0

2. Forsendur um gjaldskrárbreytingar:

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

3. Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64. greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skulu í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærri fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

4. Forsendur um fjárfestingar og lántökur

Gert er ráð fyrir að fjárfestingaráætlun SORPU bs. skv. fyrirbyggjandi áætlun um uppbyggingu gasgerðarstöðvar gangi eftir á næstu fimm árum í samræmi við áætlanir stjórnar SORPU bs. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði fjármagnað a.m.k. til helminga með veltufé frá rekstri (þ.e. með gjaldskrártækjum), allt að 25% með lántökum, að hluta með styrkjum frá ríki vegna þess að þessar aðgerðir byggja á EES-fyrirmælum og að hluta með sérstökum framlögum eigenda. Þannig gera fjárfestingaráformin og hraðinn í þessari uppbyggingu kröfur um afkomu. Áætlun um lántökur skal að hámarki miðast við skuldareglu skv. 64 grein sveitarstjórnarlaga.

Umræður

Miklar umræður urðu um 4. lið hér að ofan í ljósi þeirra viðræðna sem nú eiga sér stað um staðsetningu gasgerðarstöðvar í Álfsnesi, og viðhorf Mosfellsbæjar til þeirrar staðsetningar. Sömuleiðis var talsvert rætt um framtíðarsýn og framtíðarlausnir í meðhöndlun og förgun úrgangs, og þörf á að horfa til mögulegs samstarfs við önnur sorpsamlög á því svæði sem núverandi svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs nær til. Það var sameiginlegt mat fundarins að hraða þurfi eins og kostur er vinnu við báða þætti máls. Í því sambandi þarf m.a. að gera ráð fyrir að gasgerðarstöðin verði byggð hratt í einum áfanga.

Niðurstaða:

- Fundurinn samþykkir framlagða tillögu eigendavettvangs um meginforsendur fjárhagsáætlunar SORPU bs. með þeim fyrirvara v. 4. liðar, að fjárfestingar- og

framkvæmdaáætlun vegna gasgerðarstöðvarinnar er enn í mótun og unnið er að því fá niðurstöðu varðandi staðsetningu hennar í Álfsnesi. Því geta forsendur í 4. lið breyst þegar niðurstöður varðandi þessa þætti liggja fyrir.

- b) Framkvæmdastjóra SSH falið að leggja upp tillögu að úrvinnslu á málefnum gasgerðarstöðvar og mögulegri nálgun á mótun framtíðarsýnar í ljósi umræða á fundinum.

2. mál. Málefni Metans

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra um málefni Metans ehf, sem stjórn SORPU bs. hefur vísað til umfjöllunar á eigendavettvangi byggðasamlagsins. Í minnisblaðinu eru settar fram nokkrar sviðsmyndir varðandi framtíð félagsins.

Umræður

Niðurstaða:

Ákveðið að frekari umfjöllun um málið bíði niðurstöðu úr skoðun á framtíðarsýn og framtíðarfyrirkomulagi sbr. b) lið 1. máls hér að framan. Að öðru leyti er málið á forræði stjórnar SORPU bs. í samræmi við ákvæði eigendastefnu byggðasamlagsins.

3. mál. Endurskoðun á stofnsamþykktum SORPU bs.

Rætt var um endurskoðun á stofnsamþykktum SORPU bs. í samræmi við bráðabirgðaákvæði í samþykktri eigendastefnu byggðasamlagsins.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra SSH falið að setja í gang vinnu við þessa endurskoðun.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 10:15

Páll Guðjónsson.